

Umhverfisstofnun
Áb. _____
20. maí 2016
Tilv. _____

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 18. maí 2016
UST201604-052/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi Hlíðarenda og varnarmannvirkja ofan byggðar á Eskifirði.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 11. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Hlíðarenda og varnarmannvirkja ofan byggðar á Eskifirði.

Í upphafi greinargerðar kemur fram að samkvæmt viðauka 1 í grein 11.16 í breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 falla varnargarðar til varnar ofanflóðum í þéttbýli undir flokk B. Undir þennan flokk eru skilgreindar framkvæmdir er kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Þann 7.6. 2013 lá ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ofanflóðavarnir á Eskifirði skyldu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Svo virðist sem áætluð mannvirki við Ljósá og Hlíðarendaá hafi vaxið frá því ofangreind ákvörðun var tekin.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er um 31,2 ha að stærð. Eitt af markmiðum skipulagstillögunnar er að auka öryggi gagnvart ofanflóðum með varnarmannvirkjum vegna þeirra. Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir framkvæmdum í farvegum Ljósár og Hlíðarendaár til varnar aur-, vatns- og krapaflóðum.

Flóðavarnir

Fram kemur að áætlað er að farvegir Ljósár og Eyvindarár verði breikkaður og dýpkaðir. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ná fram lögun á farvegi árinna sem gefur sem náttúrulegasta mynd.

Í greinargerð kemur einnig fram að austan við efri hluta skurðar er áætlunin að byggja steiptan leiðarvegg sem verður 3,6 m hár og 120 m langur og með langhalla að jafnaði 25%. Að mati Umhverfisstofnunar kemur ofangreindur leiðarveggur til með að vera nokkuð áberandi á vinsælu útivistarsvæði og telur stofnunin mikilvægt að gróður verði nýttur til að milda sjónræn áhrif veggjarins.

Efnistaka

Fram kemur í greinargerð að efni verður fengið úr skeringum og námum sem vísað verður til. Ekki kemur fram hvaða námur verða nýttar til efnistöku.

Umhverfisskýrsla

Helstu umhverfisáhrif ofangreindra framkvæmda verða sjónræn áhrif og áhrif á gróður og farvegi ána. Að mati Umhverfisstofnunar mun skipta meginmáli við ofangreindar framkvæmdir að farvegur Ljósár og Hlíðarendaár fái náttúrulegt yfirbragð. Á sneiðingum sést að með grjóthleðslum er leitast við að ná náttúrulegri ásýnd, en sjálfur farvegurinn liggur í hönnuðum boga á þeim kafla sem varnir eru. Að mati Umhverfisstofnunar fengi heildin betri ásýnd ef farvegirnir fengju náttúrulegri ásýnd frá upphafi varna að sjó.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Sérfræðingur